


# Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar frá 2010, varðandi Þverholt 9-21, Mosfellsbæ

## Hluti gildandi deiliskipulags



Var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 22.12.2010. mkv. 1:500

## Gildandi skilmálar

Í gildi er deiliskipulag sem ber heitið "Mosfellsbær miðbær - deiliskipulag" sem samþykkt var í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 22. desember 2010 og auglýst í b-deild Stjórnartíðinda 14. janúar 2011. Í almennum skipulags-skilmálum greinagerðar, gr. 4.6 Bílastæði og bílageymslur, segir að gera skuli ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hverja íbúð 80 m<sup>2</sup> eða stærri og einu stæði fyrir hverja íbúð undir þeirri stærð. Lágmarks bílastæðafjöldi fyrir verslunar- og þjónustubyggingar er 1 stæði fyrir hverja 35 m<sup>2</sup> í húsnæði (birt flatarmál). Fjöldi bílastæða fyrir fatlaða skal a.m.k. vera í samræmi við gr. 3.1.4 í skipulagsreglugerð og stærð þeirra skv. staðli Rb(V).0.10 (sjá einnig "Aðgengi fyrir alla"). Almennt skulu stæði vera í samræmi við gr. 64 í byggingareglugerð 112/2012 og gr. 3.1.4. í skipulags-reglugerð og ekki minni en 2,5 x 5,0 m.

## Tillaga að breytingu




mkv. 1:500

## Greinagerð

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar frá 2010, varðandi Þverholt 19 í Mosfellsbæ er í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 og þá starfsemi sem er á svæðinu. Skilgreina á grænt svæði í bæjarlandi fyrir framan Þverholt 19 sem fimm ný bílastæði og gangstíg. Fært er í skipulag núverandi frágangur á svæðinu, það eru 16 bílastæði bakvið Þverholt 11-15 og núverandi frágangur götunnar sem liggur að bakhúsum við Þverholt 9A, 19 og 21. Markmiðið með deiliskipulags-breytingunni er að bæta aðgengi í samræmi við 5. kafla skipulags-reglugerðar 90/2013 og 6. kafla byggingareglugerðar 112/2012, fjölga bílastæðum við Þverholt 19 og aðlaga skipulag að núverandi frágang svæðisins.

Uppdráttur er leiðbeinandi þar sem útfærsla framkvæmdar getur tekið minniháttar breytingum á verkstað. Annað í skipulagi er óbreytt



Aðalskipulag Mosfellsbær 2011-2030

## SKÝRINGAR:

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐAMÖRK
- HÚSNÚMÉR
- BÍLASTÆÐI
- GATA
- GANGSTÍGUR
- NÚVERANDI BYGGÐ
- BYGGINGAREITUR
- HVERFISVERND
- GRÆNT SVÆÐI
- KVÖÐ UM GRÓÐUR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. m. s. br.

frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitastjórn þann \_\_\_\_\_

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## Breyting varðandi Þverholt 19

Kvarði 1:500

Unnið af Sindra B.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbæjar

Stærð: A1

Dags: 07.06.2023

